

Reykjavík, 15. mars 2023

Til: Umhverfis- og skipulagsráðs.**Efni:** Fyrirspurn Sósíalistasflokks Íslands um vetrarþjónustu og innviði í Vogabyggð og öðrum uppbyggingarreitum sem merkir eru sem vistvænir.

Vísað er til fyrirspurnar Sósíalistasflokks Íslands um vetrarþjónustu og innviði í Vogabyggð (USK23020100) dagsetta 8. febrúar 2023 sem er svohljóðandi:

Í borginni rísa hverfi byggð á hugmyndum um vistvæna byggð og áherslu á aðra fararmáta en einkabíl. Í svörum til íbúa í Vogabyggð kemur fram að vetrarþjónusta verði ekki veitt í hverfinu fyrir en komið sé á eitthvert ótiltekið "framkvæmdarstig", þó voru fyrstu íbúðir í þessum umbreytingarfasa hverfisins afhentar um haustið 2019 og er þetta því fjórði veturinn nú sem nýir íbúar eru án vetrarþjónustu. Íbúar sem hafa búið í hverfinu enn lengur vitna einnig um að vetrarþjónusta sem miðist að annarri umferð en bifreiða hafi aldrei verið veitt allan þann tíma sem þau hafi haft þar aðsetur en sé jafnvel verri nú en áður. Þrátt fyrir þetta ástand mála í Vogabyggð virðast önnur hverfi sem enn eru í uppbyggingu fá eðlilega vetrarþjónustu skv borgarvefsjá. Sömuleiðis vantar grunninnviði sem tryggja öryggi gangandi vegfarenda að þeim leikskóla sem reistur hefur verið fyrir börn hverfisins. Hvernig er farið að áætlun og skipulagi svokallaðra vistvænna hverfa, þegar kemur að málum sem þessum, er einhver áhersla lögð á að tryggt sé að fólk sem fjárfestir í húsnæði í slíkum hverfum, eða flyst í þau almennt, geti farið ferða sinna í öryggi án bifreiðar og að öðru leyti lifað eftir þeim formerkjum sem hverfin eru auglýst með?

Í nýbyggingahverfum er vetrarþjónusta sinnt eins vel og unnt er hverju sinni. Í Vogabyggð hafa götur verið þjónustaðar eins hægt er miðað við að svæðið er ennþá skilgreint sem framkvæmdasvæði í uppbyggingu. Aðgengi að stígum í eldri hluta er erfitt enda eru þeir þröngir, mikið um fyrirstöður og erfitt fyrir vélar að komast að. Hvað nýrri hluta varðar er hverfið enn í byggingu og þegar aðgengi verður þannig að hægt sé að sinna vetrarþjónustu að mati eftirlitsmanna fara stígar í hefðbundna vetrarþjónustu en huga þarf að breyttum vélakosti þar sem stígar eru þröngir á þessu svæði.

Í öllum framkvæmdum á borgarlandi eru útgefin svonefnd afnotaleyfi sem eiga að tryggja annars vegar öryggismál allra vegfarenda og hins vegar að borgarlandinu sé skilað til baka eftir framkvæmd í sambærilegu eða betra ástandi en var fyrir framkvæmdir. Við útgáfu afnotaleyfa er farið fram á t.d. að gönguleiðir séu tryggðar kringum framkvæmdasvæði en það er gert með svonefndum merkingaráætlunum eða kröfum um annars konar öryggi gönguleiða. Afnotaleyfi er óháð forsendum skipulags t.d. vegna vistvænnar byggðar – þau eru gefin út fyrir allar framkvæmdir í borgarlandinu. Eftirlit er haft með skilmálum sem fram koma í afnotaleyfum til að tryggja að viðkomandi verktaki, eða framkvæmdaraðili, sinni skyldum er fram koma í leyfisveitingunni. Að þessu sögðu getur verið flókið úrlausnarefni að samræma framkvæmda- og íbúðasvæði en reynt er eftir bestu getu að tryggja öryggi allra vegfarenda í þessum aðstæðum.

Hjalti J. Guðmundsson
Skrifstofustjóri, skrifstofa borgarlandsins

Umhverfis- og
skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Þjónustuver
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

411 1111